


Litningarannsókn

á meðgöngu



ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
KVENNASVIÐ - FÓSTURGREININGAEILD
FYRSTA ÚTGÁFA: JÚLÍ 2000
FIMMTA ÚTGÁFA: JÚLÍ 2006

HÖFUNDAR OG ÁBYRGÐARMENN:

MARÍA HREINSDÓTTIR OG ÞÓRA FISCHER

UMBROT & HÖNNUN: LSH-KYNNINGARMÁL/ AV

LJÓSMYND Á FORSIÐU: MBL.IS

LJÓSMYNDIR Á INNSÍÐUM: LSH/ÞÓRDÍS ERLA ÁGÚSTSDÓTTIR


Litningarannsókn

á meðgöngu

Til hvers litningarannsókn

Til þess að rannsaka litningagerð fóstursins. Í hverri frumu mannlíkamans eru 46 litningar. Þeir eru í 22 pörum auk tveggja kynlitninga (=46).

Litningarnir bera erfðæfni líkamans. Afbrigðilegur fjöldi litninga og/eða afbrigðileg bygging einstakra litninga getur valdið andlegri eða líkamlegri fötlun.



Algengasti litningagallinn er þrístæða 21, en þá greinast 3 litningar þar sem ættu að vera 2 af litningapari 21.


Galli þessi veldur Down's heilkenni.

Aðrir litningagallar eru sjaldgæfari en þeir helstu eru þrístæða 13 og þrístæða 18 og kynlitningagallar.

Hvaða konum er boðin litningarannsókn?


Öllum konum:

- sem áður hafa fætt barn með litningagalla
- ef í nánustu fjölskyldu þeirra eða maka eru einstaklingar með litningagalla sem taldir eru arfgengir
- þar sem ómskoðun fósturs gefur vísbendingu um hugsanlega litningagalla. t.d. aukin hnakkþykkt fósturs eða líffæragallar
- 35 ára og eldri sem ekki vilja líkindamat við 11-14 vikur



Fylgjusýnitaka


Fylgjusýnitaka er oftast framkvæmd í 11-12. viku, en hægt að framkvæma allt að 21. viku ef grunur um litningagalla sést við ómskoðun. Kviðurinn er sótthreinsaður með spritti og stungusvæðið deyft. Stungið er með nál undir ómsjá í gegnum kviðvegginn og inn í fylgjuna og vefur úr fylgjunni dreginn út. Frumur frá fósturinu ræktast úr fylgjuvefnum, og eru þær skoðaðar með tilliti til litninga og erfðafna. Það tekur 2 sólahringa að fá bráðabrigðasvar, en lokasvar fæst eftir 10-14 daga. Læknar eða ljósmæður fósturgreiningardeildar ráðleggja hvenær þessi rannsókn á við.



Legástunga

Legvatnsástunga er í fyrsta lagi framkvæmd við 15 vikur, en yfirleitt ekki eftir 20. viku þar sem niðurstöður úr rannsókninni fást ekki fyrr en eftir 2 vikur. Samkvæmt íslenskum lögum er fóstureyðing vegna fósturgalla ekki leyfileg eftir 22 vikur.

Kviðurinn er sótthreinsaður með spritti, ekki er deyft þar sem nálin er mjög fingerð. Stungið er með nál undir ómsjá í gegnum kviðvegginn inn í fóstursekkinn og dregin út 10 ml. af legvatni sem umlykur fóstrið. Frumur frá fósturinu og úr fylgjunni eru í legvatninu og eru þær ræktaðar með tilliti til litningagerðar. Legvatnið endurnýjast svo á u.þ.b. 4 klst. Það tekur um það bil 14 - 21 dag að rækta frumurnar og fá niðurstöðu.



Undirbúningur fyrir fylgjusýnitöku og legástungu



Ómskoða þarf til að staðfesta meðgöngulengd og fylgju-
staðsetningu. Nauðsynlegt er
að fara í mæðraskoðun þar
sem blóðprufa er tekin til
blóðflokunar og mæðraskrá
fyllt út. Allar konur sem eru
í Rh neg. blóðflokki fá mót-
efnasprautu eftir ástunguna
til að koma í veg fyrir mót-
efnamyndun.

Engan sérstakan undirbúning þarf á sjálfan ástungudaginn. Maki þinn eða annar aðstandandi er velkominn með til að veita þér stuðning og aka þér heim. Vinsamlega hafið mæðraskrána meðferðis í ástunguna sem verður geymd á fósturgreiningardeildinni þar til niðurstaða rannsóknarinnar liggur fyrir.

Eftirmeðferð, áhætta

Hætta á fósturláti eftir legástungu/fylgjusýnatöku er um 1%. Mesta hættan er fyrstu tvo dagana eftir ástunguna. Við ráðleggjum algjöra hvíld fyrsta daginn. Eðlilegt er að finna smá óþægindi, verkjaseiðing eða þrýstingstilfinningu fyrstu klukkustundirnar eftir legástunguna. Taka má parasetmól tvær 500 mg töflur á u.þ.b. 6 - 8 klst. fresti. Ef sterkir reglulegir samdráttarverkir, blæðing eða ef legvatn fer að renna, hafið samband við fósturgreiningardeild.

Konur sem búa utan höfuðborgarsvæðis, hafið samband við lækni eða ljósmóður í heimabyggð.

Niðurstaða úr rannsókninni



Það tekur um það bil 2 vikur að fá niðurstöðu úr báðum rannsóknum, en bráðabrigðasvar fæst eftir 2 sólahringa úr fylgjusýnitökunni. Ef litningarnir eru eðlilegir verður niðurstaðan send til þín í pósti um leið og vinnslu lýkur. Bráðabrigðasvarið úr fylgjusýnitökunni er ekki sent en upplýsingar um það fást á fósturgreiningardeildinni. Kyn er hægt að fá að vita með lokasvörnum.

Ef litningagalli finnst er viðkomandi látin vita um leið svar liggur fyrir, og fær viðtal við lækni á fósturgreiningadeildinni. Ef einhverra nánari upplýsinga er þörf vinsamlega hafið samband við ljósmæður/lækna á fósturgreiningardeildar.

Fósturgreiningadeild sími: 543 3256

opið alla virka daga 8:00 - 16:00

Meðgöngudeild sími: 543 3070

um helgar og eftir kl. 16:00